

SOLID CLOUDS

HLUTHAFAFUNDUR 30. MAÍ 2025

Stjórn Solid Clouds hf. boðar til hluthafafundar föstudaginn 30. maí 2025, kl. 14:00 í höfuðstöðvum félagsins, Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnesi.

Dagskrá fundarins:

1. Breyting á heimild til handa stjórn til að hækka hlutafé um allt að 300.000.000 hluti að nafnverði með útgáfu nýrra hluta.
2. Önnur mál

Dagskrá fundarins og fundargögn, þ.á m. tillaga stjórnar, verður aðgengileg á vefsetri félagsins, <https://www.solidclouds.com/investors/egmmay2025>.

Ekki verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum en hluthöfum gefst kostur á að láta umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður verður þó að framvísa umboði í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um nr. 2/1995, um hlutafélög.

Hluthafar og umboðsmenn þeirra geta skráð sig á hluthafafundinn á fundarstað frá kl. 13:30 á fundardegi. Einnig er unnt að forskrá sig til kl. 11:00 á fundardegi með því að senda tölvupóst með nafni og kennitölu á netfangið investors@solidclouds.com. Umboðsmenn sem hyggjast skrá sig með tölvupósti þurfa að útfylla umboðseyðublað og senda á sama netfang.

Til þess að tillaga frá hluthafa, sem leggja á fyrir á fundinum, verði tekin þar til umræðu verður að skila tillögunni til stjórnar félagsins á netfangið investors@solidclouds.com í síðasta lagi fimm dögum fyrir fundinn.

Tillaga stjórnar Solid Clouds hf

fyrir hluthafafund 30. maí 2025

1. Breyting á heimild til handa stjórn til að hækka hlutafé um allt að 300.000.000 hluti að nafnverði með útgáfu nýrra hluta.

Stjórn Solid Clouds leggur fram neðangreinda breytingu á núverandi heimild í 9. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins. Um er að ræða heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um allt að 300.000.000 hluti að nafnverði í samræmi við 41. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Breytingartillagan er tilkomin í kjölfar funda með fjárfestum undanfarnar vikur.

1. gr.

Óbreytt hámark heimildar til hlutafjárhækkunar

Hámark heimildar til hækkunar á hlutafé félagsins með útgáfu nýrra hluta verður áfram allt að 300.000.000 hlutir að nafnverði.

2. gr.

Heimild til að selja almennum fjárfestum

Sú breyting er lögð til að heimild stjórnar takmarkist ekki við að selja völdum *hæfum fjárfestum* (viðurkenndum gagnaðilum eða fagfjárfestum) heldur er lagt til að stjórn sé einnig heimilt að selja hlutina almennum fjárfestum. Lagt er til að ákvæðið hljómi eftirleiðis svo (yfirstrikaður texti falli brott):

„Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins, í einu lagi eða áföngum, um allt að 300.000.000 hluta að nafnverði með áskrift nýrra hluta. Stjórn félagsins ákveður áskriftar- og greiðslufrest og gengi nýrra hluta. Hvorki hluthafar né aðrir skulu njóta forgangsréttar til nýrra hluta heldur er stjórn heimilt að selja þá völdum ~~hæfum~~ fjárfestum. Hækkunarheimild skal gilda til 15. september 2025 og fellur þá niður að því marki sem hún er þá enn ónotuð eða þar til hún er felld niður með ákvörðun hluthafafundar. Sömu ákvæði um réttindi hluta og kveðið er á um í þessum samþykktum gilda að öðru leyti um hina nýju hluti sem gefnir eru út á grundvelli þessarar heimildar. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum þessum í samræmi við ákvarðanir um hækkun hlutafjár á grundvelli þessarar heimildar.“

Greinargerð: Í ákvæðinu sem var upphaflega samþykkt á hluthafafundi félagsins 10. janúar sl. fékk stjórn heimild hluthafafundar til að hækka hlutafé félagsins um allt að

300.000.000 hluti í félaginu og féllu hluthafar frá forgangsrétti til áskriftar að nýjum hlutum. Sú breyting er lögð til að þeir fjárfestar sem stjórn geti valið að bjóða hlutina samkvæmt ákvæðinu takmarkist ekki við hæfa fjárfesta eins og þeir eru skilgreindir í lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, heldur geti stjórn *einnig* selt hlutina almennum fjárfestum eins og þeir eru skilgreindir í fyrrnefndum lögum. Í því samhengi hafi stjórn m.a. í huga undanþágur frá birtingu lýsinga eins og þær koma fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [2017/1129](#) frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Annað í ákvæði 9. mgr. 4. gr., eins og það var samþykkt á hluthafafundi 10.1.2025, er óbreytt, þ.m.t. að stjórn sé falið að ákveða aðra skilmála hækkunar, svo sem greiðslukjör og frest til áskriftar sem og verð/gengi bréfa félagsins. Loks er óbreyttur gildistími heimildarinnar, þ.e til 15. september 2025 en þá falli hún niður að því marki sem hún er þá enn ónotuð.

Seltjarnarnes, 23. maí 2025

f.h. stjórnar Solid Clouds hf.

stjórnarformaður